

2019 nr. 35 15. maí

Lög um ófrjósemisaðgerðir

Tóku gildi 24. maí 2019.

■ **1. gr. Markmið og gildissvið.**

□ Markmið laga þessara er að tryggja einstaklingum sjálfsfórræði til að taka ákvörðun um ófrjósemisaðgerð. Gæta skal mannréttinda og mannhelgi í hvívetna við framkvæmd laganna.

□ Ákvæði laga þessara taka ekki til tilvika þar sem um nauðsynlega læknismeðferð er að ræða enda þótt ófrjósemi hljótið af.

■ **2. gr. Ófrjósemisaðgerð.**

□ Ófrjósemisaðgerð samkvæmt lögum þessum er þegar sáðgöngum karla eða eggjaleiðurum kvenna er lokað til að binda enda á frjósemi.

■ **3. gr. Heimild til ófrjósemisaðgerðar.**

□ Ófrjósemisaðgerð er heimil að ósk einstaklings sem náð hefur 18 ára aldrí.

□ Einungis er heimilt að framkvæma ófrjósemisaðgerð á einstaklingum sem eru ólögráða fyrir æsku sakir þegar ætla má að frjósemi viðkomandi hafi alvarleg áhrif á líf eða heilsu einstaklingsins og skal ligga fyrir staðfesting tveggja lækna um slíkt, auk samþykkis sérstaklega skipaðs lögráðamanns, sbr. 53. gr. lögræðislaga.

■ **4. gr. Freðsla.**

□ Áður en ófrjósemisaðgerð er framkvæmd skal fraða við-

komandi um í hverju aðgerðin er fólin, áhættu samfara henni sem og afleiðingar.

■ **5. gr. Framkvæmd ófrjósemisaðgerðar.**

□ Einungis læknar með sérfræðiviðurkenningu í almennum skurðlæknингum, kvensjúkdómalækningum eða þvagfæraskurðlæknингum mega framkvæma ófrjósemisaðgerð í sammæri við ákvæði laga þessara, laga um heilbrigðispjónustu, laga um réttindi sjúklingsa, laga um sjúkraskrár og annarra laga eftir því sem við á.

□ Ófrjósemisaðgerð skal framkvæmd á heilbrigðisstofnun eða starfsstofu læknis, sbr. 1. mgr., sem landlæknir hefur eftirlit með, sbr. lög um landlæknni og lýðheilsu.

■ **6. gr. Synjun um ófrjósemisaðgerð.**

□ Heimilt er að bera synjun um framkvæmd ófrjósemisaðgerðar undir landlæknini og er ákvörðun landlæknis endanleg á stjórnsýslustigi.

■ **7. gr. Gjaldtaka.**

□ Ófrjósemisaðgerðir skulu vera gjaldfrjálsar fyrir einstaklinga sem eru sjúkratryggðir samkvæmt lögum um sjúkra-tryggingar.

■ **8. gr. Viðurlög.**

□ Um brot gegn ákvæðum laga þessara fer samkvæmt almennum hegningarlögum og lögum um heilbrigðisstarfsmenn, eftir því sem við á.

■ **9. gr. Gildistaka.**

□ Lög þessi öðlast þegar gildi.

■ **10. gr. Breyting á öðrum lögum. . .**